



Starfshópur um samgöngur í Vatnajökulsþjóðgarði

Fundargerð vegna funda 3. og 10. október 2011

Fundargerð starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði 3. og 10. október 2011

Fundir starfshóps um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði fóru fram 3. og 10. október, kl. 16.00 – 19.00. Á þeim fundum var farið yfir þær athugasemdir sem borist hafa vegna samgöngumála Þjóðgarðsins, hvort sem þær bárust stjórn Vatnajökulspjóðgarðs eða beint til starfshópsins.

Flestar athugasemdirnar urðu til á samráðsfundi allra hagsmunaaðila 3. maí 2011 (svo kölluðum Nauthólsfundi). Starfshópurinn, sem samanstendur af ólíkum hagsmunaaðilum, nýtti fundina 3. og 10. október til að fara í gegnum hverja athugasemd og ræða mögulegar leiðir til lausna. Athugasemdirnarnar telja nokkra tugi og var ákveðið að gefa umræðu um hverja. Jafnframt unnu meðlimir í starfshópnum með athugasemdirnar milli funda. Hugmyndin var sú að hverjum og einum gæfist rúmur tími til að koma að sínum hugmyndum og athugaendum.

Ákveðið var að nýta næstu tvær vikur með þeim hætti að starfshópurinn ynni inn í form sem undirritaður setti upp og hefur að markmiði að leiða starfshópinn sem lengst í þá átt að fullgera svör / ályktanir við athugasemdunum. Á næsta fundi starfshópsins, 31okt2011, verður farið yfir formið eins og það þá stendur með það að markmiði að komast sem lengst með hverja athugasemd.

Virðingarfyllt,
Þróstur Olaf Sigurjónsson